

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Hin fjölbreytilega smásagnagerð Þórbergs Þórðarsonar

Árið 1981 birti Sigfús Daðason ítarlega grein um Þórberg Þórðarson í tímaritinu *Andvara* þar sem hann fjallar um „ævisögu, höfundarverk og hugsunarsögu Þórbergs“.¹ Grein Sigfúsar er ein fyrsta ítarlega umfjöllunin um Þórberg á prenti þar sem gerð er tilraun til að greina eðli og fagurfræði skrifa hans. Um *Bréf til Láru* segir Sigfús að ein „af furðum“ bókarinnar sé „margbreytnin, bæði að efni og rithætti“ og að í henni séu „iðkaðar ýmiskonar bókmenntagreinar“ og hann bætir við: „þar eru til dæmis nokkrar sérstökustu smásögur íslenzkra bókmennta; en helzt held ég að „bókmenntastofnunin“ hafi aldrei veitt því eftirtekt.“² Hér er Sigfús að vísa til kafla XXI, XXII og XXIII sem síðar fengu yfirskriftirnar „Morðið á mér“, „Yfirnáttúrlegar ofsóknir“ og „Þegar ég var óléttur“. Allar bera þessar frásagnir einkenni vel byggðra smásagna, með upphafi, miðju og endi, og allar þrjár falla þær einkar vel að skilgreiningu Goethe sem sagði smásöguna vera frásögn af einstæðum og áður óheyrðum atburði.³ Vissulega tók bókmenntastofnunin eftir þessum smásögum sem slíkum, þótt síðar væri. Þessar þrjár sögur bjóða upp á skemmtilega túlkunarmöguleika, sér í lagi hin snilldarlega lýsing Þórbergs á því þegar sú sannfæring datt yfir hann, „eins og þruma úr heiðskíru lofti, að [hann] væri orðinn óléttur“.⁴ Sú saga hefur verið túlkuð út frá kenningum Sigmunds Freud sem lýsing á sjúklegri hysteríu⁵ (eins og Þórbergur

¹ Greinin var endurbirt í bókinni *Sigfús Daðason. Ritgerðir og pistlar*, ritstjóri Þorsteinn Þorsteinsson, Reykjavík: Forlagið, 2000, bls. 144–185, og verður stuðst við þá útgáfu hér.

² Sama heimild, bls. 152.

³ Jakob Benediktsson, ritstjóri, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, 1983, bls. 253.

⁴ Þórbergur Þórðarson, *Bréf til Láru*, Reykjavík: Mál og menning, 1982, bls. 85.

⁵ Sjá Garðar Baldvinsson, „Pegn, líkami, kyn“, *Skírnir* haust/2000, bls. 273–302.



Ritíð

1. töl. 25. árg. 2025 (183-192)
Ritrynd grein

© 2025 *Ritíð*, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.13
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

sá reyndar fyrir);⁶ út frá hugmyndum Juliu Kristevu um kvenlegan rithátt og úrkast;⁷ sem afbygging á hefðbundinni karlmennskuímynd⁸ og sem táknsaga um sköpun og þær þjáningar sem henni fylgja.⁹

Ég ætla ekki að dvelja við þessar þrjár þekktustu smásögur Þórbergs Þórðarsonar hér en vil beina athyglinni að orðalagi Sigfúsar Daðasonar þegar hann segir að í *Bréfi til Láru* séu „iðkaðar ýmiskonar bókmenntagreinir“ því ég tel að þar fari hann beint inn í kjarna skrifa Þórbergs. Frá upphafi ritmennsku sinnar er Þórbergur að gera tilraunir með „ýmiskonar bókmenntagreinir“ eða mismunandi ritform, eins og hann komst sjálfur að orði, og markmið hans er að innleiða *eitthvað nýtt* inn á íslenskan bókmenntavettvang. Minna má á að upprunalega merking orðsins *novella* er *nýmæli*, sem mun komið úr lagamáli, en á fjórtándu öld fær orðið þá merkingu sem það hefur enn sem er „stutt skálduð frásögn“, eins og getið er um í *Hugtök og heiti*.¹⁰

Eins og margir þeir sem ólust upp við náð sambylí við Íslendingasögur og það viðhorf að þær væru byggðar á sagnfræðilegum staðreyndum, væru *sannar sögur* af forfeðrum okkar, var Þórbergur andsnúinn skáldsögum, eða *lygisögum*, eins og þær voru kallaðar til aðgreiningar frá hinum *sönnu* Íslendingasögum. Og Þórbergur velktist ekki í vafa um að hans „sérstaka ritform“ væri „nýtt í íslenskum bókmenntum og sennilega mesta nýjung í bókmenntum vorum síðan Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson innleiddu rómantísku stefnuna“, eins og hann skrifar í stuttum en áhugaverðum kafla um ritstörf sín, undir yfirskriftinni „Rithöfundur“ í bókinni *Meistarar og lærisveinar*.¹¹ Hér er Þórbergur að útskýra formið á verkum á borð við *Bréf til Láru*, *Íslenskan aðal* og *Ofvitann* og segir að hann hafi valið sér þetta ritform vegna andúðar sinnar á eðli íslenskrar skáldsagnagerðar: „Fyrir mér hefur rómaninn verið lygasaga sem stundum getur verið

⁶ Undir lok óléttufrásagnarinnar skrifar Þórbergur: „Læknar kalla þetta „hysterí“. Það er ruslaskrína, og þeir kasta í hana öllum þeim drottins dásemdarverkum, sem þeir geta ekki grillt í smásjá. Ég kalla þetta þroskað ímyndunarafl. Að vísu ekki að eins samvitund við umheiminn, heldur og samvitund við möguleika umheimsins.“ *Bréf til Láru*, bls. 92.

⁷ Sjá Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, „Stílisti eða rithöfundur? Um jöðrun Þórbergs Þórðarsonar“, óbirt BA ritgerð í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, 2002.

⁸ Sjá Jón Yngvi Jóhannsson, „Hvílíkir herrar!“ Um líkamann og mynd (karl)mannsins í verkum Þórbergs Þórðarsonar“, óbirt BA ritgerð í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, 1995, og „Er þetta ég?“ Um einn þátt í *Bréfi til Láru*“, *Mímir* 42/1995, bls. 71–75.

⁹ Sjá Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Opna, 2015, 3. kafli, sérstaklega bls. 66–72.

¹⁰ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 253.

¹¹ Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar: eftir stóra ævisögulega handritinu*, Reykjavík: Forlagið, 2010, bls. 100–101.

gaman að lesa en á ekkert skylt við uppbyggingu.¹² Þórbergur bætir við: „Bréf til Láru hefur kannski haft meiri áhrif en nokkur önnur bók sem rituð hefur verið á íslenska tungu. Hún var algerð nýjung að formi, stíl og hugmyndum“.¹³

Sú skáldævisögulega aðferð sem Þórbergur innleiddi inn á íslenskt bókmenntasvið í sínum stærri verkum er aðeins eitt af þeim ritformum sem hann iðkaði. Og allt frá byrjun fékkst hann við að gera tilraunir með stutta texta sem suma hverja mætti áreiðanlega fella undir regnhlífarhugtakið smásaga. Fyrsta stigið í ritmennsku Þórbergs hófst um það bil fimmtán árum áður en *Bréf til Láru* kom út þegar hann þjálfaði sig til ritmennsku innan Ungmennafélags Reykjavíkur og skrifaði til að mynda mikið efni í blaðið *Skinfaxa*, svo sem palladóma um einstaka félaga sína og lengri mannslýsingar, auk þess sem hann fékkst við þýðingar. Sigfús Daðason gaf út úrval þessa efnis í bókinni *Ólíkar persónur* (1976) og sumar mannslýsingarnar eru þess eðlis að þær myndu sóma sér ágætlega í smásagnasafni, sérstaklega má nefna titilþátt bókarinnar „Ólíkar persónur“, sem hefur að geyma lýsingu á fótboltamanninum Arrebo Clausen, og þá sem á eftir fylgir, sem lýsir Ársæli Árnasyni bókaútgefanda og vini Þórbergs. Fyrirnefnda frásögnin telur rúmlega þrjátíu blaðsíður og sú síðari nær yfir fullar fimmtíu og fimm síður. Í *Ólíkum persónum* er einnig að finna þýðingar Þórbergs á langri smásögu eftir Arthur Conan Doyle, *Boscombe-leyndardóminum* og þremur smásögum Edgar Allans Poe (*Hjartslátturinn*, *Svarti kötturinn* og *Langa kistan*) sem ljóst er að Þórbergur lærði mikið af, má þar benda á ofanefnda smásögu úr *Bréfi til Láru*, „Yfirnáttúrlegar ofsóknir“ sem er náskyld sögum Poes.

Í greininni „Baráttan gegn veruleikanum. Um Þórberg Þórðarson og bókmenntasmágreinar“¹⁴ bendir Ástráður Eysteinnsson á að sjá megi af skrifum Þórbergs hvernig hann „berst gegn valdi hinna „stóru“ bókmenntagreina“ og flest sem hann birti ber „vitni andófi gegn þeirri þrengingu bókmennta-hugtaksins sem hefur einkum átt sér stað á síðastliðnum tveimur öldum.“¹⁵ Í greininni fjallar Ástráður ítarlega um hin ólíku ritform Þórbergs og hugar sérstaklega að styttri textum hans sem fylgdu í kjölfar *Bréfs til Láru*, sér í lagi að bókinni *Pistilinn skrifaði* ... sem kom út 1933 sem hann telur eina merkilegustu bók Þórbergs:

¹² Sama rit, bls. 100.

¹³ Sama rit, 96.

¹⁴ Ástráður Eysteinnsson, „Baráttan gegn veruleikanum. Um Þórberg Þórðarson og bókmenntasmágreinar“, *Skírnir* haust/1989, bls. 293–324. Greinin var síðan endurbirt í *Umbrot. Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, og hér verður vísað til þeirrar útgáfu.

¹⁵ Sama rit, bls. 147.

Í heild er þetta rit stórmerkileg formtilraun og jafnvel ekki síðra dæmi um *formleitt* höfundar en Bréf til Láru. Þórbergur lætur spila saman á einni bók átta pistla úr ólíkum áttum – í bókinni lesum við hreint skopefni, lífspekifulur og játningaregistur, gjósandi ádeilu, ferðasögur; gróteskar lýsingar á konunglegu norsku mannvirki sem er byggingarfræðilega skylt kamri í Suðursveit, dæmi um trúarofsa Norðmanna og undurfurðulega lýsingu á því hvernig Þórbergur mágur á næturþeli í skóhlífina sína í heimavistarskólanum í þeim leiðinlega bæ Voss í Nor-egi.¹⁶

Eins og Ástráður bendir á var það ætlun Þórbergs að halda áfram birtingu á fjölbreyttu efni á bókum, enda er *Pistilinn skrifaði*... með tölunni I, það er þetta átti að vera fyrsta bindi í röð bóka. Þetta var „tilraun [Þórbergs] til að koma á fastan fót frjálsu birtingarformi er hæfi tjáningarmáta hans betur en hinar hefðbundnu bókmenntagreinar“.¹⁷ Þórberg „fýsir að koma af stað einhverskonar einkaársriti þar sem hann hefur frelsi til að raða saman hinum ýmsu pistlum sínum sem geta leitað í ýmsar áttir að formi og stíl, allt eftir því hvaða viðfangsefni leita á hann hverju sinni“.¹⁸

En það er ekki bara í *Bréfi til Láru* og *Pistilinn skrifaði*... sem finna má frásagnir eftir Þórberg sem vel mætti skilgreina sem smásögur. Í fyrstu bók endurminninga hans, *Steinarnir tala* (1956), er að finna nokkrar áhugaverðustu og sérstökustu dýrasögur íslenskra bókmennta þótt „bókmenntastofnunin“ hafi aldrei veitt því eftirtekt – og hermi ég hér vitaskuld vísvitandi eftir orðalagi Sigfúsar Daðasonar sem vitnað var í hér í upphafi.¹⁹ Álíka dýrasögur er einnig að finna í *Sálminum um blómið* (1954, 1955). Frásagnir Þórbergs af dýrum eru margar hverjar uppbyggðar þannig að auðveldlega má kljúfa þær frá megintexta bókanna og birta sem sjálfstæðar smásögur og reyndar hefur slíkt verið gert í nokkrum tilvikum. Hin áhrifamikla frásögn hans af dauðastríði hestsins Jarps úr *Steinarnir tala* birtist til að mynda í *Nýju Helgafelli* sama ár og bókinn kom út, 1956.²⁰ Í safnritinu sem ber yfirskriftina *Þegar ég var óléttur* (1989) og hefur að geyma úrval úr verkum Þórbergs er birtur kafli með yfirskriftinni „Húsdýrin á Hala“, en þar er birt annars

¹⁶ Sama rit, bls. 152.

¹⁷ Sama rit, bls. 153.

¹⁸ Sama rit, bls. 155.

¹⁹ Sjá nánar: Soffía Auður Birgisdóttir, „Hin skemmtilega dýrafræði Þórbergs Þórðarsonar og möguleikar hennar“, *Ritið* 1/2020, bls. 141–162.

²⁰ Þórbergur Þórðarson, „Jarpur“, *Nýtt Helgafell* 2/1956, bls. 56–61.

vegar frásögn af kúnum á Hala og hins vegar af kindunum. Frásögn sem lýsir „samtali“ kúnna frá Hala við kýrnar frá Reynivöllum, og er að finna í *Sálminum um blómið*, hefur birst í lestrarbókum fyrir grunnskólabörn.

Dýrasögur Þórbergs og þær þrjár frásagnir sem nefndar hafa verið úr *Bréfi til Láru* bera í flestu einkenni „hefðbundinna“ smásagna. Það má einnig segja um eina af frægustu „ritgerðum“ Þórbergs, sem hefur yfirskriftina „Lýrisk vatnsorkusálsýki“ og birtist fyrst í *Pistilinn skrifaði...* og hefur verið endurbirt í mörgum safnritum Þórbergs síðar. Í „Lýriskri vatnsorkusálsýki“ fer Þórbergur á kostum þegar hann tengir sköpunargáfuna við sveiflur í vatni og bylguhreyfingar og kallar skáldlega snillgáfu „lýriska vatnsorkusálsýki“. Hér er sögð saga af ungum manni sem virðist haldinn illvígum sjúkdómi, í kjölfarið fylgir greining Þórbergs á sjúkdómnum og meðferð sem hann leggur til og duga á „til að lina nokkuð þrautir sjúklingsins.“²¹ Frásögnin, sem nær yfir tíu blaðsíður í frumútgáfunni, hefur *upphaf*, sem er sjúkdómslýsingin; pilturinn „leitar að ám og lækjum eins og vonkuð kind, situr þar og rær og því hraðar eftir sem straumhraðinn er meiri“²² *miðju*, sem er sjúkdómsgreining sögumanns í alllöngu máli; pilturinn þjáist af æfargömlum sjúkdómi sem er „sérstaklega algengur í menningarlöndum“ og kallast „í hinum andlegu læknavísindum psychopathia lyrica hydrodynamica“²³ og *enda* þar sem lýst er, einnig í alllöngu máli, lífsnauðsynlegri meðferð á sjúklingnum og hvernig forðast á smithættu. Umfram allt á að hlífa piltinum „við guðsorðalestri og sálmasöng“, forðast „að stegla hann með ræðulestri á fastandi maga“²⁴ og leitast við að halda að honum „frumlegri ljóðagerð og listrænu prósa“.²⁵

Smásögur eftir Þórberg Þórðarson má því finna víða í höfundarverki hans þótt þær hafi ekki verið flokkaðar sem slíkar. En ein er sú bók eftir Þórberg Þórðarson sem kannski mætti að hluta til skilgreina sem smásagnasafn, eða öllu heldur örsagnasafn, þótt hún sé einungis skráð sem ljóðabók í bókasafnsgrunnum. Árið 1941 gaf Þórbergur út bókina *Edda Þórbergs Þórðarsonar* og vissulega er þar á ferðinni safn ljóða en með hverju einasta ljóði sem birt er í bókinni fylgir stutt frásögn þar sem efni ljóðsins er sett fram í formi sögu. *Edda Þórbergs Þórðarsonar* er því hvort tveggja ljóðabók og sagnasafn. Í skemmtilegum formála, „Prologus“, tengir Þórbergur sig við „koll-leka“ sinn Snorra Sturluson og bendir

²¹ Þórbergur Þórðarson, *Pistilinn skrifaði...*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933, bls. 31–40, hér bls. 35.

²² Sama rit, bls. 31.

²³ Sama rit, bls. 33.

²⁴ Sama rit, bls. 35.

²⁵ Sama rit, bls. 36.

á að í Snorra-Eddu séu „sögur af goðum, trölum, álfum, dvergum, mönnum og atburðum til þess að festa skáldunum í minni uppruna og eðli kenninga og annarra orða, þeirra er þá tíðkuðust í rímuðu máli“.²⁶ Og hann heldur áfram:

Bók sú, er hér liggur í handriti á Silvermill Superfine blokkpappír liðugum sjö öldum síðar, er einnig kennslubók, ritin handa skáldum órum. Hún rekur þó ekki sagnir til huldra vætta, er af urðu kenningar eður önnur skáldleg heiti, heldur til atburða í sálarlífi, umhverfi og aldarhætti höfundar er af runnu ljóð og kviðlingar. Hún kennir skáldum órum að sérhvert ljóð er aðeins stuttur þáttur í langri keðju atburða og verður aldrei skilið til hlítar nema frásagnir af atburðunum fylgi ljóðinu á bók.²⁷

Þessi kenning Þórbergs, um að ljóð verði aldrei skilið til hlítar nema frásögn af tilurð þess fylgi með, er vitaskuld umdeilanleg en hann er trúr henni í Eddu og segir þar margar skemmtilegar sögur. Og stundum eru sögurnar nauðsynlegar til að inntak ljóðsins skiljist til fulls. Hér má nefna að ljóðið sem flestir þekkja sem „Í Skólavörðuholtið hátt“ heitir í raun „Afmælisdigtur“ en þriðja erindi ljóðsins er svohljóðandi:

Þar var Herdís. Þar var smúkt.

Þar skein sól í heiði.

Þar var ekki á hækjum húkt

né hitt gert undir leiði.

Þetta erindi er hluti af þeim texta sem lag Atla Heimis Sveinssonar („Í Skólavörðuholtið hátt“) er samið við, er annað erindi sönglagsins. Það er reynsla greinarhöfundar að sumir þeirra sem ekki vita hver sú „Herdís“ er sem nefnd er í kvæðinu telji að þarna sé villa á ferðinni, að hér eigi að syngja: „Þar var herligt. Þar var smúkt“; og fari þar líklega saman tvær dönskuslettur í ljóði Þórbergs. Hér er hann hins vegar að vísa til vinkonu sinnar Herdísar Andrésdóttur skáldkonu en sjálfur „Afmælisdigturinn“ er ortur til dóttur Herdísar, Elínar Thorarensen, sem einnig var vinkona Þórbergs. Síðari tvær ljóðlínur þessa erindis eru líka illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja frásögnina af því þegar Þórbergur settist á hækjur sér og skeit, í *Bréfi til Láru*, og frásögnina af „fyrstu lyftingunni“ í

²⁶ Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1941, bls. 9.

²⁷ Sama stað.

Ofvitenum. Til að skilja ljóðið til hlítar er því betra að þekkja þær sögur sem búa að baki.

Sögurnar sem Þórbergur segir í Eddu eru mislangar, allt frá einni málsgrein eða hálfri blaðsíðu að lengd upp í nítján blaðsíður, eins og gildir um söguna af tilurð kvæðisins „Tumma Kukka“. Í því tilviki er hægt að tala um fullgilda smásögu. Ljóðið þekkja margir og hafa jafnvel sungið það, líkt og „Í Skólavörðuholtið hátt“, því það er birt í ýmsum söngbókum og sungið undir þekktu lagi sænska vísasöngvarans Carl Michael Bellman, enda „raulaðist kvæðið um Tummu Kukku í stuðla undir einu frægasta lagi Bellmans, þó með lítilsháttar hliðsjón af stýfingarnauðsyn krónunnar heima á Íslandi“, skrifar Þórbergur:²⁸

Hún trausta Tumma Kukka,
Hún tók uppá þeim fjanda' að sukka.
En lægst komst hennar lukka,
Er lagðist hún með Kristófer.
Þau sváfu þar á sænum
Og undu' um ást í morgunblænum.
Á grundarmöttli grænum
Nú grætur hún það, sem liðið er.
Sem liðið er,
Sem löngu liðið er.

Frásögnin af tilurð kvæðisins er fyrirtaks dæmi um hina skáldævisögulegu aðferð Þórbergs; um það hvernig hann umbreytir raunveruleikanum með fjöregu ímyndunarafl í skemmtilega frásögn. Sagan gerist í finnsku borginni „Helsingfors“, sumarið 1934, þar sem Þórbergur „staldraði við“ á leið sinni til Rússlands. Þar sem hann þekkir engan í borginni drepur hann „tímann með því að reika um bæinn og virða fyrir [sér] mannlífið og ávexti mannlífsins í mynd húsa, gatna og garða“.²⁹ Það sem vekur mestan áhuga hjá sögumanni er finnska tungumálið sem blasir við honum af götu- og auglýsingaskiltum og „myndaðist fyrir augum [hans] eins og klám, skens eða óborganlegt spaug“.³⁰ Eftir nokkrar skemmtilega fáránlegar útleggningar á finnskum orðum og mögulegri merkingu þeirra³¹

²⁸ Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 219. Lagið eftir Bellman er úr syrpunni *Fredmans epistlar*, no. 83: „Vila við denna killa“.

²⁹ Sama rit, bls. 206.

³⁰ Sama stað.

³¹ Bent hefur verið á hvernig Þórbergur beitir „málfræðiskopi“ í frásögninni af Tummu Kukku „til að draga dár að þjóðrembu og málfræðilegri ályktanagleði um leið og hann

kemur sögumaður að búðarglugga þar sem blasir við honum bók með titlinum *Tumma Kukka*:

Ég þóttist sjá á útliti bókarinnar, að þetta myndi vera skáldsaga, og sú sannfæring beit sig óðar fasta í mig, að Tumma Kukka væri aðalpersóna sögunnar. Þetta nafn hennar – Tumma Kukka – hafði svo einkennileg áhrif á mig, að ég var einsog bjargnuminn til að fara að brjóta heilann um, hverskonar sögumynd Tumma Kukka væri. Og nú brá svo við, aldrei þessu vant, að allur meginþráður bókarinnar stóð einsog ógleymanlegt landslag fyrir hugskotssjónum mínum.³²

Í framhaldinu útlistar Þórbergur í smáatriðum söguþráð dramatískrar ævisögu Tummu Kukku og fer á kostum í skopi. Hann kvelst þó lengi á eftir yfir því að vita ekki fyrir vissu hvað þessi tvö finnsku orð þýða og lýsir þeirri líðan sömu-leiðis á kostulegan hátt. En sagan af Tummu Kukku, eins og Þórbergur sá hana fyrir sér, verður honum efni í fyrra erindi í kvæði um forlög hennar og er það birt í miðri frásögninni. Síðara erindið ætlar hann að yrkja kvöldið eftir. Áður en af því verður kemst hann að því að tumma kukka er ekki kvenmannsnafn heldur þýðir svartleita blómið og þær upplýsingar hafa afdrifaríkar afleiðingar:

Og hin glæsilega mynd Tummu Kukku, sem hafði fengið líkama og sál fyrir innri augum mínum, hafði vaxið smátt og smátt inni mitt eigið líf sem siðferðileg fylling, leystist upp einsog hilling í sólbakaðri eyðimörk í sama andartaki og orð Finnans vörpuðu yfir hana ljósi þekkingarinnar, - ekki nokkur skapaður hlutur eftir nema svartleitur blómskratti, sem var nafnið Túma kúka.³³

Sú þraut að yrkja síðara erindið um Tummu Kukku er ennþá óleyst, ítrekar Þórbergur, „því að Tumma Kukka hafði aldrei verið til“³⁴ og hann bætir við:

En fyrra erindið um Tummu Kukku heldur hér innreið sína í bókmenntir þjóðarinnar og sezt þar á bekk með þúsundum kvæða og

tæpir á almennum spurningum um mál og merkingu“. Sjá Aðalsteinn Eyþórsson og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Leikið orðtolum. Um málfræðinginn og táknfræðinginn Þórberg Þórðarson“, *Ritið* 2/2020, bls. 77–106, hér bls. 87–89.

³² Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 214.

³³ Sama rit, bls. 222.

³⁴ Sama rit, bls. 224.

sálma, sem önnur íslenzk skáld og andans menn hafa sóað ímyndunar-
affli sínu í að yrkja til dýrðar lyginni.

Svona geta lítil kvæði stundum átt sér mikla og merkilega sögu.³⁵

Það væri fulldjarft að halda því fram að allar frásagnirnar í *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* gætu fallið undir skilgreiningarnar smásaga eða örsaga, sumar þeirra eru einfaldlega skýringar á tilteknu ljóði og margar skýringanna allitarlegar. En nokkrar frásagnanna myndu sóma sér ágætlega í smásagnasafni og það er fyrst og fremst tilgangur greinarhöfundar að benda á að Þórbergur iðkaði þetta ritform af list ekki síður en form ævisögunnar, endurminninganna, skáldævi-
sögunnar, kvæða, sendibréfa, greina og pistla. Fjölbreytnin í ritformi Þórbergs Þórðarsonar er sennilega til komin vegna þeirrar kröfu sem hann gerði til sjálfs sín sem rithöfundar og lýsir í kaflanum „Rithöfundur“ í bókinni *Meistarar og lærisveinar*: „Ég þaulhugsaði öll mín viðfangsefni og lagði mig mjög í líma með að velja hverri hugsun það form, sem mér sýndist henni hæfa.“³⁶

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um ýmsa texta eftir Þórberg Þórðarson sem vel mætti fella undir regnhlífarhugtakið *smásögur*. Sýnt er fram á að í verkum Þórbergs má víða finna styttri og lengri texta sem auðvelt er að kljúfa frá heildinni og birta sem sjálfstæðar einingar. Innan höfundaverks hans er að finna fullgildar smásögur, dýrasögur, örsögur og pistla sem fléttaðir eru inn í stærra samhengi en geta staðið sem sjálfstæð verk. Þá er sérstakri athygli beint að kvæðasafninu *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* og bent á að með hverju kvæði bókarinnar fylgir frásögn af tilurð þess. Sumar þeirra frásagna mætti flokka sem smásögur eða örsögur. Ljóst er að Þórbergur leitaðist ætíð við að fella skrif sín að nýjum og nýjum formum, trúr þeirri sannfæringu að form sérhvers texta eigi að laga sig að viðfangsefninu hverju sinni. Þetta fjallar hann sjálfur um í kaflanum „Rithöfundur“ í bókinni *Meistarar og lærisveinar* sem gefin var út árið 2010, löngu eftir andlát Þórbergs, en þar lýsir hann viðhorfi sínu til ritstarfa og hvert takmark hans í ritlistinni var.

Lykilord: Þórbergur Þórðarson, smásögur, dýrasögur, örsögur, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*

³⁵ Sama stað.

³⁶ Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 99.

ABSTRACT

Þórbergur Þórðarson's variegated short-stories

This article discusses various texts by Þórbergur Þórðarson that could be defined as *short-stories*, though they were not originally written as such. With reference to several of Þórðarson's books the article highlights the fact that within them there are texts, variable in length, that could be cut from the main-text and published as independent stories. In Þórbergur Þórðarson's authorship one can find first class short-stories, animal-stories, micro-stories and essays, that are woven into the fabric of novel-length books but could easily be published separately. Particular attention is paid to the poetry collection *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, in which a narration is attached to each poem where Þórbergur explains the origin of the poem in question. Some of these narrations could be defined as short-stories or micro-stories. The aim of this article is to emphasize Þórbergur Þórðarson's relentless search for new forms for his writings; true to his belief that each form should be acclimated to the subject matter. He discusses this himself in the chapter "An Author" in the book *Meistarar og lærisveinar* [Masters and disciples], published post-humous in 2010, where he describes his view towards creative writing and outlines his literary goals.

Keywords: Þórbergur Þórðarson, short-stories, animal-stories, micro-stories, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Rannsóknarprófessor hjá rannsóknasetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði
soffiab@hi.is